

Ársskýrsla Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefndar (Usn-nefnd)  
Hvalfjarðarsveitar 2016



**Inngangur:**

Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar er skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara.

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Arnheiður Hjörleifsdóttir, formaður	Sigurður Arnar Sigurðsson
Ólafur Jóhannesson, varaformaður	Sæmundur Víglundsson
Ása Hólmarsdóttir, ritari	Daniella Gross
Daníel Ottesen	Ómar Kristófersson
Guðjón Jónasson	Einar Engilbert Jóhannesson

Nefndin hefur haldið 10 fundi á árinu, auk þess sem nefndarmenn hafa setið fundi og ráðstefnur á hennar vegum.

Helstu mál nefndarinnar á árinu eru þessi:

- Skipulagsmál. Skipulagsmál eru afar fyrirferðamikil hjá nefndinni og skipulagsfulltrúi starfar náið með nefndinni. Mál tengd skipulagi (deiliskipulag og aðalskipulag) eru nánast á dagskrá á hverjum einasta fundi nefndarinnar.
- Nefndin fær ýmis mál, frá ráðuneytum, sveitarfélögum, stofnunum og öðrum, til umsagnar.
- Umhverfisvöktun. Usn-nefnd hefur aðkomu að formlegri umhverfisvöktun sem er stunduð vegna hugsanlegrar mengunar frá iðnfyrirtækjunum við Grundartanga. Nefndin kannaði á árinu hugsanlegt samstarf við Heilbrigðiseftilit Vesturlands vegna vöktunarinnar en nokkrum vandkvæðum hefur verið bundið að senda fulltrúa sveitarfélagsins þegar sýnatökur hafa verið. Nefndin telur mjög brýnt að sveitarfélagið eigi áfram fulltrúa þegar sýnatökur fara fram og mikilvægt er að samfella sé í því. Ekki náðist á samstarf milli Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlitsins vegna þessa.
-

- Usn-nefnd afgreiðir þær framkvæmdaleyfisumsóknir sem berast til sveitarfélagsins frá sér. Það þarf að skerpa á verklagi við útgáfu framkvæmdaleyfa að mati usn-nefndarinnar. Nefndin stefnir að því að setja sér vinnureglur varðandi útgáfu framkvæmdaleyfa á árinu 2017. Leitað verður m.a. til Skipulagsstofnunar með það verkefni.
- Vinna við endurskoðun á landbúnaðarkafli aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar lá að mestu niðri á árinu en í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir þeirri vinnu. Samið hefur verið við Steinsholt ehf. um þá vinnu. Þriggja manna vinnuhópur ásamt skipulagsfulltrúa leiða verkefnið af hálfu Hvalfjarðarsveitar.
- Glymur í Botnsdal. Á árinu fékkst 5 milljón króna styrkur frá ríkinu til framkvæmda við göngustíga og öryggisframkvæmdir við fossinn Glym í Botnsdal. Nefndin hefur haldið utan um málið sem er brýnt, enda um að ræða einn vinsælasta áningarstað ferðamanna í Hvalfirði og rauna á landinu öllu. Samstarf hefur verið við Umhverfisstofnunar og á þeirra vegum hefur hópur sjálfboðaliða verið að vinna á svæðinu í sumar. Mikil vinna hefur verið lögð í skiltahönnun og búið er að hanna skilti sem upplýsir og leiðbeinir ferðafólki sem á svæðið kemur svæðið. Þeirra vinnu er ekki endanlega lokið og mikilvægt að halda þessari vinnu áfram í sátt við landeigendur.
- Úrgangsmál. Þjónustusamningur við Íslenska Gámafélagið var framlengdur ár árinu en hann rennur út í ágúst 2017 og þá mun ekki vera hægt að framlengja honum. Það er því mikil vinna framundan hjá sveitarfélaginu í tengslum við nýtt sorpútboð á árinu 2017 sem Usn-nefnd og skipulagsfulltrúi munu leiða. Í Hvalfjarðarsveit er svokallað 3ja tunnu kerfi sem hefur reynst ágætlega en skerpa þarf á flokkuninni og fræðslunni.
- Sólarkísilverksmiðja á Grundartanga. Í undirbúningur er að reisa sólarkísilverksmiðju Silicor Materials við Grundartanga. Um er að ræða framleiðslu á 16.000 tonna framleiðslu af sólarkísli. Ýmiss undirbúningur, matsskyldufyrirspurn, skipulagsbreytingar, umsagnir og fleira hefur komið inn á borð nefndarinnar í tengslum við þetta stóra mál. Staða þessa verkefnis er nokkuð óljós sem sakir standa.
- Vatnsveitumál. Aðgangur að neysluvatni er ekki ótakmarkaður í sveitarfélaginu og ljóst að með auknum umsvifum, m.a. við Grundartanga eykst þörfin fyrir neysluvatn.
- Formaður Usn-nefndar, sveitarstjóri og skipulags- og umhverfisfulltrúi undirbjuggu ársfund náttúruverndarnefnda sem að þessu sinni var haldinn í Hvalfjarðarsveit. Fundurinn tókst vel, Skúli Þórðarson sveitarstjóri hélt erindi á fundinum og Ása Hólmarsdóttir líffræðingur og nefndarkona fór með fundarfólk í gönguferð að ósum Laxár í Grunnafirði.
- Í samstarfi við umhverfisnefndi leik- og grunnskóla sveitarfélagsins lét Usn-nefnd sérprenta fjölnota innkaupapoka með listaverkum barna í sveitarfélaginu. Poki var sendur á hvert heimili í sveitarfélaginu með skilaboðum frá börnunum þar sem hvatt var til þess að fólk drægi úr plast- og plastpöknotkun.
- Þá kom Usn-nefnd einnig að hreinsun strandlengjunnar milli Laxár og Urriðaár við Grunnafjörð með nemendum Heiðarskóla og Ungmenna- og íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar  
Ársskýrsla 2016

- Formlegt samstarf í gegnum samning um Grænar áherslur um uppbyggingu við Grundartanga milli Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna formgerðist á árinu. Aðilar réðu sér ráðgjafa (Stefán Gíslason hjá UMÍS) og héldu nokkra fundi á árinu, m.a. með fulltrúum Umhverfisstofnunar.
- Mannabreytingar urðu í nefndinni á árinu en Ólafur Ingi Jóhannesson, varaformaður sagði sig úr nefndinni og fyrsti varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson, tók fast sæti í nefndinni.

Fundargerðir nefndarinnar eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins: [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is) og þar má einnig finna erindisbréf og aðrar fundargerðir og gögn á vegum nefndarinnar.

*Arnheiður Hjörleifsdóttir, formaður frá 15. júní 2014*